

**Nd.**

**553. Nefndarátt**

um frumv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, enda þótt vitað sje og viðurkennt af sjávarútvegsnefnd og öllum, sem um það mál hafa fjallað, þar á meðal millipinganefnd og fiskipingi, að Fiskiveiðasjóður er nú orðið fjarri því að geta leyst hlutverk sitt viðunandi af hendi. Hinn smærri útvegur, sem þessi sjóðstofnun á aðallega að styrkja, líður mjög við það að fara á mis við þann stuðning, sem sjóðurinn gæti veitt, ef hann væri mun öflugri en hann nú er, og virðist svo sem skemra megi ekki ganga í eflingu sjóðsins en gert er ráð fyrir í frumv.

Auk þess á bátaútvegur landsins fylstu rjettlætiskröfu á því, að þingið sjái honnm fyrir þeim stuðningi, sem hjer er ráðgerðnr. Einkum er þetta ljóst, ef tekið er til samanburðar það, sem gert hefir verið fyrir landbúnaðinn með stofnsetningu Ræktunarsjóðsins, sem minni hl. telur alveg rjettmætt. Hann telur Fiskiveiðasjóð og Ræktunarsjóð nauðsynlegar lánsstofnanir, sem sjeu mjög hliðstæðar og eigi skilið svo jafnan stuðning ríkisvaldsins sem frekast er kostur á. Frumv. er sniðið þann veg, að sem mest samræmi sje milli þessara stofnana. Það gengur að visu miklu skemra í þá átt að afla Fiskiveiðasjóði tekna en gert var í upphafi, þegar hann var stofnaður, og skemra en gert hefir verið að því er Ræktunarsjóðinn snertir.

Úr þessu vill minni hl. að nokkru bæta, með því að leggja til, að ríkisstjórnin kaupi vaxtabrjef Fiskiveiðasjóðs, ef stjórn sjóðsins álitur þess þörf. Gerði þingið 1927 svipaða ráðstöfun og þessa til að greiða fyrir sölu jarðræktarbrjefanna.

Í frv. er talað um atvinnubótalan, og er með því átt við lán til stofnsetningar iðnaðarfyrirtækjum í sambandi við sjávarútveginn. Þykir minni hl. rjett að fella burt orðið atvinnubótalan, þar eð af því kynni að mega draga þá ályktun, að átt væri við lánveitingar í öðru skyni en til greindra iðnaðarfyrirtækja.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hl. til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

1. Við 10. gr. b. í stað orðsins »atvinnubótalan« komi: lán til stofnsetningar iðnaðarfyrirtækja.
2. Á eftir 24. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður kaupir vaxtabrjef sjóðsins fyrir alt að hálfri miljón króna, þegar stjórn Fiskiveiðasjóðs óskar þess. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán handa ríkissjóði í þessu skyni, ef hún telur þess þörf.

Alþingi, 21. mars 1928.

Jóhann P. Jósefsson, Ólafur Thors.  
frsm.